

**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi, Kirkjustræti  
101 Reykjavík**

**Selfossi, 21. maí 2024**

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál**

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 15. maí sl. þar sem Vinum íslenskrar náttúru, hér eftir VÍN, er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál. Umsagnarfrestur var gefinn til 21. maí.

VÍN vill í fyrstu gera alvarlegar athugasemdir við það að aðeins er gefin tæp vika til að gera athugasemdir við þingsályktunartillöguna, í raun og veru aðeins þrír virkir dagar. Í ljósi þessa og vegna tímaskorts áskilur VÍN sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum sé þess þörf.

Samhliða framangreindu frumvarpi er einnig lögð fram til umsagnar, með sama stutta umsagnarfresti, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, 900. mál. Athugasemdir VÍN við það mál eru aftast í þessu skjali.

Áður en lengra er haldið gerir VÍN athugasemd við heiti þingsályktunartillögunnar. Hér hlýtur að vera átt við uppbyggingu vindorkuvera og/eða nýtingu vindorku á Íslandi en ekki uppbyggingu vindorku.

*Inngangur*

VÍN getur tekið undir margt af því sem kemur fram í framangreindri tillögu að þingsályktun. Má þar t.d. nefna lið 1.2 og lið 1.3. Hins vegar vegar er það vel þekkt að vægi þingsályktana í stjórnslu er ekki það sama og vægi laga og reglugerða settar á grundvelli þeirra. Það er t.d. kostur að liður 1.2. hefur ratað inn í 2. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 48/2011. Engu að síður telur VÍN að hefja þurfi vinnu við að greina hvað í þessari tillögu til þingsályktunar megi binda strax í lög. Má þar t.d. nefna lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um náttúruvernd og lög sem snúa að mengunarvörnum (hljóðmengun, plastmengun, frágangur o.fl.). Einnig þarf að ákveða með hvaða hætti megi binda í lög að notkun orku, hvaðan sem hún kemur, megi ekki valda aukningu í losun kolefnis.

Áður en lengra er haldið þarf einnig að skoða grundvöllinn að þessari tillögu meðal annars með tilliti til orkuskipta. Hvers vegna þarf að gera sérstaka þingsályktun um vindorku en ekki aðra endurnýjanlega orku s.s. vatnsorku, jarðhitaorku, sólarorku eða sjávarfallaorku? Endurnýjun orkunnar er vissulega ekki sú sama í vatnsorku og jarðhita og svo sólarorku, vindorku og sjávarfallaorku. Og vindorkuver hafa „önnur“ áhrif, s.s. sjónræn, en önnur

orkunýting. En er ekki þörf á sömu heildarsýn? Eða er þessi tillaga eingöngu gerð vegna ásóknar í land undir vindorkuver þar sem sérhagsmunir ráða fyrst og fremst ferðinni. Sjá jafnframt umsögn VÍN um framangreint frumvarp.

Orðalag í framangreindri tillögu er oft á tímum mjög matskennt, s.s. að stefnt skuli að, horft skuli til o.s.frv. Jafnframt er fullt af fögrum fyrirheitum um aukna skilvirkni eða betri rannsóknir o.s.frv. Við lestur tillögunnar vaknar því sú spurning hvort ekki þurfi að að kveða fastar að orði svo ekki verði ágreiningur um merkingu tillögunnar.

### *Umsögn VÍN um einstaka liði tillögunnar eða hluta þeirra*

Öll feitletrun önnur en fyrirsgnir í tillögunni er VÍN. Athugasemdir VÍN eru skáletraðar. Ef gerð er athugasemd við ákveðinn hluta viðkomandi liðar er sú mgr. einnig sýnd.

#### **1. Markmið stjórnvalda.**

Uppbygging virkjunarkosta í vindorku héraendis, bæði á landi og í hafi, **í sem mestri sátt** við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, verði ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins auk vatnsafls og jarðhita. Hagnýting vindorku verði mikilvægur liður í því að ná markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi.

*Athugasemd VÍN: „... í sem mestri sátt ...“ er dæmi um matskennt orðalag sem hefur enga raunverulega þýðingu. Um orkuskipti og kolefnishlutleysi er vísað í umsögn VÍN um frumvarp til laga, 900. mál hér að neðan.*

Til að viðhalda samræmdu og miðlægu mati á öllum virkjunarkostum fari virkjunarkostir í vindorku yfir 10 MW eftir lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. [48/2011](#), eins og gildir um hina hefðbundnu virkjunarkosti, vatnsafl og jarðhita, nema sérreglur sé að finna í lögum.

#### *Sjá athugasemdir VÍN um frumvarp til laga, 900. mál hér að neðan*

Til að flýta fyrir nauðsynlegum orkuskiptum með uppbyggingu vindorku geti ráðherra, að lokinni sérstakri skoðun verkefnisstjórnar rammaáætlunar, heimilað að tilteknum virkjunarkostum í vindorku sem uppfylli skilyrði 4. kafla verði vísað til frekari ákvarðanatöku í nærsamfélagi hjá einstökum sveitarfélögum í stað Alþingis, enda sé um að ræða svæði sem þegar séu röskuð og séu ekki í grennd við helstu náttúruperlur landsins, auk annarra skilyrða, og gætu því komið til sérstakra álita í fyrsta áfanga uppbyggingar vindorku héraendis.

*Athugasemd VÍN: VÍN telur enga þörf á því að gera vindorku að forsendu fyrir orkuskiptum. Margir virkjunarkostir eru nú þegar í nýtingarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og vel má nýta orku betur. VÍN telur enga ástæðu til og það alvarlegt og neikvætt fordæmi að koma á sérstöku ráðherraráði vegna vindorku frekar en annarrar orkuöflunar.*

## 1.2. Svæði landsins þar sem uppbygging virkjunarkosta í vindorku er óheimil.

*Sjá athugasemd VÍN við frumvarp til laga, 900. mál, hér að neðan.*

## 1.3. Náttúra, náttúruminjar, líffræðileg fjölbreytni og menningarminjar.

Við uppbyggingu vindorku verði sérstakt tillit tekið til fugla í íslenskri náttúru, búsvæða þeirra og farleiða. Gætt verði sérstakrar varúðar á svæðum eða stöðum landsins þar sem mikið er um villta fugla sem metnir eru í hættu eða verulegri hættu á válistum og þar sem mikið er um fuglategundir með hátt eða mjög hátt verndargildi og vitað er að geti stafað veruleg hætta af vindorkumannvirkjum.

*Athugasemd VÍN: Fagur ásetningur, almennt orðað, en fullt af skilningsleysi gagnvart vernd líffræðilegrar fjölbreytni og markvisst litið framhjá því að nefna tillögur og vísindalegar úttektir sem þegar eru fyrir hendi. Vissulega er válisti nefndur en orðalagið ...í verulegri hættu... notað í stað þess að nota hugtök úr útgefnum válistum. Ekki er minnst á úttekt og skráningu Náttúrufræðistofnunar í mikilvægum fuglasvæðum eða tillögur stofnunarinnar um verndarsvæði í net verndarsvæða skv. Bernarsamningnum. Hér kemur annmarki þingsályktunartillögunnar berlega í ljós. Tillagan er að sjálfsögðu ekki lög og vísar ekki beint í alþjóðasamninga og innlend lög, s.s. náttúruverndarlög og ákveðnar greinar þar t.d. 2. og 3. gr. auk annarra. Hér hefði hæglega mátt gera það en sérstök lagasetning er betri.*

Við ákvörðun og val á svæðum fyrir hagnýtingu vindorku verði þess **ávallt gætt að** neikvæðum áhrifum af starfseminni á viðkvæm svæði í náttúrunni og menningarminjar sé **haldið í lágmarki** og að tekið sé **tillit til** hljóðrænna og sjónrænna áhrifa. **Gætt verði sérstaklega** að áhrifum á þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, óbyggð víðerni og ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars.

*Athugasemd VÍN: Í ofangreindri mgr. má sjá að hvergi er tekin bein afstaða til neikvæðra áhrifa. Það á að halda áhrifum í lágmarki og taka tillit til. Hvert er lágmarkið og hvaða tillit á að taka? Gætt verði sérstaklega að áhrifum á o.s.frv. Hér segir ekki að vindorkugarðar megi ekki hafa áhrif innan friðlýstra svæða s.s. þjóðgarða eða raska víðernum. Hvað þýðir þá að gæta sérstaklega að? Svona orðalag er ótækt þegar fjallað er um náttúru Íslands.*

## 1.4. Orkuvinnsla og orkukerfið.

*Athugasemd VÍN: Vegna tímaskorts ætlar VÍN ekki að gera hér miklar athugasemdir við þennan lið tillögunnar. VÍN telur þó að vernd náttúrunnar í víðum skilningi og ódýr og næg orka til almennings þurfi að vera í forgangi.*

## 1.5. Vindorka og samfélag.

Ákvörðun um uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku eigi sér stað með virkri og lýðræðislegri aðild og aðkomu nærsamfélagsins til að unnt sé að ná sem breiðastri sátt um hana út frá hagsmunum íbúa á nærliggjandi svæðum.

*Athugasemd VÍN: VÍN vill benda á að lýðræði nær ekki eingöngu til nærsamfélags heldur til þjóðarinnar allrar þegar um er að ræða framkvæmdir sem hafa viðtæk úhrif á t.d. viðkvæm vistkerfi, þjóðgarða og þjóðlendur og upplifun af landinu sem er sameign Íslendinga.*

*VÍN gerir ekki fleiri athugasemdir við þennan lið en áskilur sér rétt til að gera það síðar.*

## 1.6. Efnahagsleg áhrif af hagnýtingu vindorku.

Stefnt verði að því að sú verðmætasköpun sem hagnýting vindorku hefur í för með sér skili sér til samfélagsins alls með sanngjarnri og eðlilegri opinberri gjaldtöku sem tryggir því beina og sýnilega hlutdeild í afkomu starfseminnar.

Vegna áhrifa virkjunar vindorku á nærumhverfið verði tryggt að nærsamfélagið njóti sérstaks ávinnings af starfseminni, umfram hefðbundnari virkjunarkosti.

*Athugasemd VÍN: Hér er lagt til að hægt sé að kaupa stuðning fólks og bæta því þannig upp ákveðinn skaða sem það verður fyrir. Þetta stuðlar einnig að uppbygginu vindorkuvera umfram önnur orkuver. Þá gæti orðið flókið að reikna skaðann og einnig hvort borga eigi komandi kynslóðum. Færa má rök fyrir því að skaði af vindorkuverum nái ekki eingöngu til nærsamfélagsins. T.d. til allra landsmanna þegar um er að ræða þjóðgarða eða þjóðlendur eða ef vindorkuver rís á Esjunni eða fjallgördum Hvalfjarðar. Að mati VÍN er tillaga að þingsályktun ekki rétti vettvangurinn til að taka á þessu máli.*

## 2. Aðrar mikilvægar forsendur fyrir uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku.

### 2.1. Samhæfð opinber stjórnsýsla.

*Athugasemd VÍN: VÍN tekur undir að hægt sé að taka verndar- og orkunýtingaráætlun, eða einstaka kosti, til meðferðar oftar en á fjögurra ára fresti. Að öðru leyti eru markmið þessa liðar öll virðingarverð en hafa öll meira og minna komið fram áður í ýmsu samhengi en lítið þokast. Til að svo megi verða þarf meira en þessa þingsályktunartillögu s.s. skýra framkvæmdaáætlun og fjármagn.*

### 2.2. Besta framkvæmd og tækni.

*Athugasemd VÍN: VÍN getur tekið undir markmið þessa liðar en bendir á að allt sem nefnt er undir þessum lið á heima í lögum og videigandi reglugerðum. Vindorkuver eiga ekki að koma til álita hér á landi fyrr en gengið hefur verið frá videigandi lagaumhverfi í samræmi við núgildandi lög og reglur.*

### 3. Meginsjónarmið um staðsetningu vindorkuvera.

#### 3.1. Röskuð svæði og óröskuð.

Við ákvörðun um staðsetningu vindorkuvera á landi **verði horft til þess** að hálendi og náttúra Íslands bjóða upp á mikilvæg lífsgæði í formi fjölbreyttrar náttúru, sérstæðs landslags, óraskaðra svæða og útivistar. **Stefnt verði að því** að varðveita eins og kostur er óbyggð víðerni og önnur óröskuð svæði landsins.

Til að ná markmiðum um að vernda eins og kostur er óröskuð svæði **verði stefnt að því** að uppbygging virkjunarmannvirkja eigi sér fyrst og fremst stað **þar sem landi hefur þegar verið raskað.**

*Athugasemd VÍN: Hér ber fyrst að athuga hvað er flokkað sem raskað svæði en hefur slík úttekt EKKI verið unnin. Síðan kemur órætt orðalag um staðsetningu virkjunarmannvirkja, s.s. að horft skuli til þess að hálendi Íslands bjóði upp á mikilvæg lífsgæði, og að stefnt skuli að því að varðveita óbyggð víðerni eins og kostur er og að stefnt skuli að staðsetning virkjunarmannvirkja verði ekki á óröskuðum svæðum. Öll þessi markmið eru vissulega virðingarverð í þingsályktun en þau eru opin fyrir óendanlegri túlkun sem er engum bjóðandi. Framkvæma þarf alvöru úttekt á landi og í hafi, sjá síðar, m.t.t. þess sem hér kemur fram og þá fyrst er hægt að taka ákvarðanir.*

#### 3.2. Hljóðræn og sjónræn áhrif.

Við mat og skoðun á virkjunarkostum í vindorku **verði ávallt reynt** að velja starfseminni haganlega staðsetningu í landslagi sem hentar hverju sinni til að draga úr neikvæðum hljóðrænum og sjónrænum áhrifum en ekki sé einungis horft til þess að hámarka nýtingarhlutfall virkjunarkostsins.

Við mat á hljóðrænum og sjónrænum áhrifum virkjunarkostsins **verði horft til mikilvægis þeirra hagsmuna sem kunnir að verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna staðsetningarinnar.** Horft verði til nálægðar við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, svæði þar sem náttúra er einstök eða óviðjafnanleg, ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars eða útivistar og aðra staði með mikið verndargildi eða mikla verndarþörf í íslensku eða alþjóðlegu samhengi.

*Athugasemd VÍN: Hvers vegna má ekki standa í 1. mgr. ....virkjunarkostum í vindorku skal ávallt velja starfseminni...? Hvers vegna má ekki standa í 2. mgr. ....áhrifum virkjunarkostsins skal horfa til mikilvægis þeirra hagsmuna sem verða fyrir neikvæðum áhrifum..... Það er greinilegt af framangreindu að það þarf nýtt regluverk.*

### 3.3. Stærð vindorkuvera.

Við mat á stærð og umfangi einstakra virkjunarkosta verði, auk skoðunar á umhverfisáhrifum virkjunarstaðarins sjálfs, horft til umhverfisáhrifa út frá vinnslugetu virkjunar, enda kunnir neikvæð áhrif á umhverfi að vera minni á hverja unna orkueiningu eftir því sem vindorkuver er stærra.

Í öðrum tilvikum verði horft til þess að aðrir þættir eins og orkuöryggi og raforkuskortur vegi þyngra en stærðarhagkvæmni við mat á virkjunarkostum þannig að minni vindorkuver eða jafnvel einstakar vindmyllur geti verið heppilegur kostur.

*Athugasemd VÍN: Hér virðast vera á ferðinni vangaveltur út frá vinnslugetu, umfangi og áhrifum á náttúruna/umhverfið og svo orkuöryggi og raforkuskorti og stærðarhagkvæmni og val á heppilegum kostum. Það er órökstudd fullyrðing að gefa í skyn að neikvæð áhrif á umhverfi verði minni (á hverja orkueiningu) eftir því sem vindorkuver verði stærri.*

### 3.4. Vindorka á hafi úti.


*Athugasemd VÍN: VÍN getur tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í þessum lið tillögunnar. Miðað við að ekki er farið að þrengja að möguleikum til orkuvinnslu á Íslandi þá telur VÍN óhjákvæmilegt að klára þá vinnu sem er boðuð undir þessum lið áður en nokkur virkjunarleyfi vindorku verði veitt, bæði á landi og í hafi. Gera þarf samanburð á því að stefna alfarið að staðsetningu virkjunarsvæða fyrir vindorku í hafi eða fara blandaða leið. Fyrir framtíðina ætti að stíga varlega til jarðar en ekki hlaupa á eftir þeim sem hrópa hæst. Benda má á að deilur eru að aukast í Evrópu, Ástralíu og víðar um staðsetningu virkjunarsvæða fyrir vindorku, jafnvel ekki síst í hafi vegna uppeldisstöðva nytjafiska á strandsvæðum.*

## 4. Málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku.

### 4.2. Sérstök málsmeðferð í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.

*Sjá athugasemdir VÍN um frumvarp til laga, 900. mál hér að neðan*

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.

**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi, Kirkjustræti  
101 Reykjavík**

**Selfossi, 21. maí 2024**

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál**

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 15. maí sl. þar sem Vinum íslenskrar náttúru, hér eftir VÍN, er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál. Umsagnarfrestur er til 21. maí n.k.

VÍN gerir alvarlegar athugasemdir við þennan stutta umsagnarfrest, sem í raun er aðeins þrír virkir dagar. Í ljósi þessa áskilur VÍN sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum, sé þess þörf, eftir að umsagnarfresti lýkur.

Samhliða framangreindu frumvarpi er einnig lögð fram til umsagnar, **með sama stutta umsagnarfresti**, tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál. Að þessi mál hafi áður komið fram í samráðsgátt réttlætis á engan hátt að gefnir séu þrír virkir dagar til umsagnar enda ekki allir sem hafa haft tök á að kynna sér málin á því stigi.

### *Inngangur*

VÍN vill leggja áherslu á að náttúra Íslands og eðlileg þróun hennar og þar með talið afar sérstætt landslag er sameiginleg „eign“ þjóðarinnar sem mikilvægt er að vernda og sem við berum öll sameiginlega ábyrgð á að í sem bestu ástandi til komandi kynslóða. Náttúra landsins er hvorki eign vindorkufjársfesta, einstakra landeiganda né nærsamfélaga. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þar sem áhrif vindorkugarða geta náð langt út fyrir mörk sveitarfélaga eða einstakar landareignir.

VÍN varar sérstaklega við að sífellt sé verið að heimta og réttlæta nauðsyn á hraðri uppbyggingu vindorku í nafni þess að vindorkan sé græn og bjargi þar með lofslagsvandamálum. Vindorka sem spillir landslagi, víðernum, menningarminjum, jarðminjum og lífríki og notuð er til að auka neyslu og þar með talið kolefnislosun, hefur ekkert með græna orku að gera, enda er það hugtak mjög vafasamt eitt og sér án alls samhengis.

VÍN varar við því að einkaaðilar nái að stjórna orkumarkaði þ.e. verði á orku á Íslandi til almennings með allskyns milliliða- og markaðsbralli eins og sýndi sig í Evrópu þegar verð á olíu hækkaði í kjölfar stríðsins í Úkraínu en jafnframt verð á vindorku þó að vindurinn sjálfur væri ókeypis. VÍN varar við þessu, því það hefur sýnt sig að þegar fjárhagslegir hagsmunir

einstaklinga og fyrirtækja ráða ferðinni frekar en heildarhagsmunir almennings hefur það ítrekað valdið auknum náttúruspjöllum.

Rétt er að nefna skort á innviðum til að byggja upp vindorkuver. Það fara ekki alltaf saman hugmyndir um staðsetningu vindorkugarða og geta eða staðsetning raforkudreifikerfisins. Það er einnig svo að vegakerfi landsins er oft mjög illa undir það búið að flytja efni í vindmyllur. Á almenningur að kosta breytingar á innviðum, sem líka gætu haft skaðleg áhrif á náttúruna, bara til að þóknast sérhagsmunum eigenda vindorkugarða?

VÍN varar við öllum skemmdum á sérstöðu íslenskrar náttúru, landslagi, víðáttu og menningarminjum með uppsetningu vindorkuvera eða einstakra vindmylla. VÍN telur að vindorkuver á Íslandi muni breyta ásýnd landsins í grundvallaratriðum þ.e. frá því að vera frekar ósnortið hvað varðar landslag yfir í manngert iðnaðarlandslag.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*

VÍN gerir ekki athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

2. gr. frumvarpsins fjallar um breytingar á 3. mgr. 3. gr. laganna. Í a lið 2. gr. segir: „Að auki tekur áætlunin til landsvæða og virkjunarkosta í vindorku sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða vindorkumannvirki í hæstu stöðu er hærra en 100 metrar.“

Þó að það auðveldi ýmislegt, stjórnsýslulega, að notast við ákveðin mörk þá hefur það sýnt sig, t.d. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum, að óvandaðir aðilar, jafnvel ríkisstofnanir, hafa skipt áætlunum upp í minni hluta til að þurfa ekki að hlíta ákveðnum reglum í Þjóðfélaginu; reglum sem eru settar með náttúru- og umhverfisvernd að leiðarljósi. Hér gætu óvandaðir aðilar með aðgang að ákveðnu landssvæði, t.d. skipt orkunýtingaráætlunum upp í 9 MW einingar eða haft vindmyllur 95 m í hæstu stöðu sem er þó talsvert hærri en turn Hallgrímskirkju sem oft er notaður sem dæmi. Afar slæm reynsla íbúa í Rangárþingi af tveimur „litlum“ vindmyllum í Þykkvabæ á að vera öðrum víti til varnaðar.

VÍN telur að öll áform um vindorkunýtingu eigi að vera tilkynningarskyld og falla undir lögin enda ná t.d. sjónræn áhrif vindmylla í landslagi Íslands yfirleitt langt út fyrir sjálf vinnslusvæðin og geta verið sýnileg í að minnsta kosti 50 kílómetra fjarlægð.

Í b lið segir: „Þegar um er að ræða landsvæði og virkjunarkosti í vindorku tekur verndar- og orkunýtingaráætlun að auki **ekki** [feitiletrun VÍN] til svæða á B-hluta náttúruminjaskrár, svæða innan marka friðhelgunar menningarminja, svæða á heimsminjaskrá UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána, Ramsar-svæða og svæða innan marka miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu.“

Hér má álykta sem svo að óheimilt sé að virkja á þessum svæðum af ýmsum ástæðum sbr. greinargerð og einnig með vísun í tillögu til þingsályktunar samanber fyrrgreint 899. mál. Það er þó ýmislegt mjög óljóst bæði hvað varðar afdrif 899. máls og ýmislegs annars, mætti nefna að verulega hefur skort á að B-hluti náttúruminjaskrár komi til framkvæmda og svo sem framkvæmdaáætlun um net verndarsvæða samkvæmt Bernarsamningnum. Stuttur umsagnarfrestur gerir VÍN ókleift að fara í ýmis atriði sem varða þessa grein.

VÍN leggur því til, til samræmis við framangreinda þingsályktunartillögu, að b liður orðist svona: „Þegar um er að ræða landsvæði og virkjunarkosti í vindorku tekur verndar- og



orkunýtingaráætlun að auki **ekki** til svæða á B-hluta náttúruminjaskrár, svæða innan marka friðhelgunar menningarminja, svæða á heimsminjaskrá UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána, Ramsar-svæða og svæða innan marka miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu enda uppbygging virkjunarkosta í vindorku á þessum svæðum óheimil.“

Í 3. gr. frumvarpsins segir: „Við 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna bætist: *nema um sé að ræða virkjunarkosti til nýtingar vindorku.*“

VÍN leggst alfarið á móti þessari breytingu og sér engin rök sem mæla með breytingunni. Rökin um eðli vindorkunnar, sjá greinargerð, og sýnileika vindorkuvera virðast hér eingöngu notuð til að gefa í skyn að þetta sé fyrst og fremst sett inn í lögin með náttúruvernd/landslagsvernd að leiðarljósi. Með þessu ákvæði er hins vegar einnig opnað fyrir það að sveitarstjórnir geti tekið ákvarðanir þvert á náttúruvernd/landslagsvernd þar sem þær eru ekki bundnar af niðurstöðu verndar- og orkunýtingaráætlunar. Það vekur einnig furðu að ákvæðið virðist gera ráð fyrir því að niðurstöður séu ekki bundnar við nýtingu á ákveðnum stöðum heldur látið eins og að heil svæði/sveitarfélög séu undir þegar endanleg niðurstaða er birt. Það hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir því að afstaða til nýtingar vindorku, verndar- og orkunýtingaráætlunar, byggji á vísindalegum rannsóknum á mögulegum kostum en ekki ásókn fjárfestingaraðila í heil landsvæði þar sem vindur blæs.

Í 4. gr. segir um breytingu á 1. mgr. 10. gr. laganna: „Við mat og tillögur um flokkun virkjunarkosta í vindorku skal verkefnisstjórn jafnframt horfa til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum fyrir nýtingu vindorku til raforkuvinnslu.“

VÍN gerir ekki beint athugasemd við tilgang þessarar breytingar. Hins vegar er alveg ljóst að stefna hefur ekki sömu virkni og lög og þó ýmislegt hljómi fallega í þingsályktunartillögunni þá er ekki útséð um hvað úr verður, ekki síst í ljósi næstu greinar í frumvarpinu. Sjá athugasemdir við hana.

5. gr. frumvarpsins fjallar um nýja grein, grein 10 a „*Sérstök málsmeðferð tiltekinna virkjunarkosta í vindorku í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.*“

VÍN áttar sig ekki á því hvers vegna það þarf sérstaka grein um samband virkjunar vindorku og orkuskipta. Þessi grein virðist eingöngu vera til þess að þóknast þeim sem vilja koma upp vindorkuverum og það eigi að réttlæta þau með orkuskiptum og kolefnishlutleysi. Hvers vegna eru ekki allir virkjunarkostir þar sem notuð er endurnýjanleg orka, settir undir þennan hatt þó munur sé á hversu endurnýjanleg orkan getur verið? Og hvers vegna er það ekki alveg á hreinu í hvað orkan er notuð en ekki að notað sé orðalag eins og í a lið 5. gr. um að virkjunarkosturinn stuðli að o.s.frv.

VÍN bendir ennfremur á að í 5. gr. b. liðar er afar óljóst orðalag en þar segir .... innan landsvæðis sem almennt telst hafa verið raskað af mannavöldum. Því strangt til tekið er allt Ísland að jöklunum meðtöldum raskað af mannavöldum. Sérstaklega vegna óheftrar beitar og hlýnunar loftlags af manna völdum.

Með 5. gr. virðist eiga að koma á einhvers konar ráðherraræði vegna vindorku, ráðherraræði í bland við sveitarfélagsræði pakkað inn í umsagnaferli aðkomu hagaðila, bara vegna virkjunarkosta í vindorku.

Það verður að segjast eins og er að VÍN blöskrar hversu augljóst það er að þeir aðilar sem tala sérstaklega fyrir vindorku hafa náð að setja mark sitt á breytingar á lögnum. Það vekur furðu að ef fara á í breytingar vegna eins orkugjafa hvers vegna aðrir mögulegir orkugjafar eru ekki einnig til umfjöllunar s.s. sólarorka og sjávarfallaorka fyrir utan auðvitað vatnsorku og jarðvarma. Og enn og aftur varar VÍN við því að virkjunarkostir í vindorku séu réttlættir með grænni orku, orkuskiptum og lausn á loftslagsvandamálum. **Það þarf mun heildstæðari lausnir sem byggja fyrst og fremst á minni losun kolefnis, minni neyslu þar sem fullt tillit er tekið til líffræðilegrar fjölbreytni og vernd landslags-, víðerna og menningarminja.** Öll finu orðin og hugtökin er að finna í tilvísaðri tillögu til þingsályktunar, sjá athugasemdir VÍN við hana, en þingsályktun er aðeins stefna en ekki lög og þar af leiðandi ekki skuldbindandi og hægt að túlka hana á ýmsa vegu.

VÍN gerir ekki athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins sem slíka en bendir á athugasemdir félagsins við umrædda þingsályktun.

VÍN telur ákvæði til bráðbirgða skynsamleg en beinir því til stjórnvalda að gera nú þegar breytingar sbr. umsögn hér að framan. .

Miðað við að ráðamenn þjóðarinnar hafa lítið sinnt verndun líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi svo sem með ræktun skóga með ágengum framandi trjátegundum sem lausn á lofslagsvanda og einnig veitt leyfi til sjókvíaeldis með erlendum laxastofnum þá er tæpast hægt að treysta því að töfraorðið orkuskipti verði ekki misnotað.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.